



Aðalfundur Beint frá býli, félag heimavinnsluaðila 2012

haldinn á Sólheimum 25.febrúar 2012 kl. 14:00

Guðmundur Jón Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega gesti fundarins. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins, Jóhönnu B. Þorvaldsdóttir sem fundarstjóra og Marteín Njálsson sem fundarritara. Tillagan var samþykkt og fól hann Jóhönnu þá stjórn fundarins.

Fyrsti liður fundar var ávörp gesta.

Jón Gunnarsson alþingismaður flutti fundinum ávarp og óskaði félagsskapnum til hamingju með farsælt starf þau fjögur ár sem félagið hefur starfað. Hann rakti þá þróun sem hefur orðið í sveitum landsins og það væru tækifæri í vinnslu og sölu á matvælum heima á býlunum. Hann sá fyrir sér að slátrun myndi flytjast heim í sveitir landsins. Einnig að atvinnulífið myndi taka að sér í auknum mæli að starfrækja þá þætti sem snúa að eftirliti og vottun.

Kjartan Ólafsson formaður stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins flutti ávarp. Hann lýsti stöðu sjóðsins og að starfsemin hefði dregist saman þar sem fjármagn til sjóðsins hefur dregist saman. Framtíð sjóðsins er óviss en á síðustu árum hefur sjóðurinn greitt út styrki upp á 100 milljónum þar sem eiginfjárstaða sjóðsins var sterk fyrir. Lögð var áhersla á að styrkja bændur og starfsemi á býlum en dregið úr framlögum til rannsóknarstarfsemi. Starfsemi tengd ferðapjónustu, hestamennsku og Beint frá býli hafa notið forgangs í framlögum sjóðsins. Sjóðurinn er eini landsbyggðasjóðurinn sem hefur verið starfandi og eftir að starfsemi sjóðsins drógst saman hefur ýmis starfsemi tengd rannsóknum og þróun. Hann hvetur Beint frá býli til að fylgja sínum hagsmunamálum vel eftir við alþingismenn og þar væru mikilvægustu atriðin þær reglur sem gilda um starfsemi félagsmanna og svo þeir fjármunir sem settir eru þessa málaflokka.

Kristján Jónsson frá Búnaðarsambandi Suðulands flutti kveðju frá formanni og framkvæmdastjóra Búnaðarsambandsins. Hann sagði að mikilvægt væri að styðja við starfsemi bænda í starfsemi heimasölu og heimavinnslu.

Annar liður fundar var skýrsla stjórnar fyrir árið 2011.

Guðmundur Jón formaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann rakti störf síðasta starfsárs. Félagar eru nú orðnir 100 talsins og félagið nú orðið 4 ára gamalt. Beint frá býli hefur tekist að nýta sérstöðu smáframleiðandans og tengingu við upprunastað matvællanna og hefur verðmæti heimavinnslunnar aukist jafnt og þétt. Sífelld fleiri félagar hafa metnað til að nota gæðamerki félagsins en krafan til að mega nota þessa vottun er að hafa snyrtilegt umhverfi og geta sannað að öll leyfi sem til þarf séu til staðar. Á síðasta ári tók ný matvælalöggjöf gildi þó hún sé ekki komin í endanlegt horf. Stjórnin hefur lagt fram mótaðar tillögur um landsreglur vegna gildistöku nýrrar matvælaeðlugerðar. Beint frá býli hefur bent á að vænleg tækifærin liggja í framleiðslu í smáum stíl og staðbundinni framleiðslu með vísan í heimabyggðina og þá með vottun á vöru, þjónustu, fyrirtækis eða svæðis. Til að styðja við þessi tækifæri þarf m.a. stefnumótun stjórnvalda á landsvísu og ekki síður í héraði.

Guðmundur Jón fór yfir það sem er framundan í starfsemi félagsins. Áfram verður unnið í gæðamálum og gert átak í að félagar noti gæðamerkið. Samstarfi við aðila í markaðssetningu og útgáfu kynningarefnis verður framhaldið. Einnig verður málum fylgt eftir í vinnu við að koma að hagsmunamálum félaga innan Beint frá býli í innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar. Að lokum gerði Guðmundur Jón grein fyrir útgáfu á viðamikilli skýrslu um *Rýmkun laga um heimavinnslu og slátrun* en



sú skýrsla var hluti af samstarfi við Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Guðmundur Jón þakkaði samstarfsaðilum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Liður 3

Póra Valsdóttir og Fanney Björg Sveinsdóttir frá MATÍS fluttu erindi um *Upprunamerkingar og markaðssetningu svæðisbundinna matvæla*. Matís er þekkingar og rannsóknarfyrirtæki og veitir ráðgjöf og þjónustu til sjórvalda og fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði. Mörg verkefni tengjast matarferðamennsku og vöruþróun frumkvöðla og hefur t.d. verið byggt upp aðstaða til að sinna frumkvöðlastarfsemi. Stefnt er að því að styrkja bæði staðbundna matvælaframleiðslu og sjálfbærni í ferðaþjónustu. MATÍS hefur hafið vinnu við að undirbúa og móta verkefni um upprunamerkingar og markaðssetningu svæðisbundinna matvæla. Markmiðið er að samræma reglur og útlit merkja á matvælum sem byggja á uppruna, sérstöðu og hefðum. Næstu skref að stofna regnhlífarsamtök úr grasrótinni. Koma á fundum í haust þar sem svæðisbundin matvæli eru skilgreind og reglur á bak við merkin eru samræmd. Framtíðarsýnin er að efla matartengda ferðamennsku og upplifun og að hvert hérað komi með sín sérkenni og sérstöðu, t.d. lífrænt hérað, humarhérað, kjötafurfahérað osfrv.

Liður 4. Erlendur Pálsson forstöðumaður atvinnusviðsins á Sólheimum kynnir starfsemina á staðnum og var að því loknu tekið kaffihlé.

Liður 5. Reikningar ársins 2011. Heidi Laubert Andersen gjaldkeri fór yfir reikninga ársins 2011. Rekstrartekjur á árinu eru 7,8 milljónir og rekstrargjöld 6,7 milljónir. Hagnaður ársins er 1,1 milljón. Peningaleg staða í árslok er um 4,4 milljónir. Fjárhagsáætlun hljóðar upp á 1,1 milljón í tekjur og rekstrargjöld 5 milljónir. Tillaga um hækkun á árgjaldi upp í kr. 8.500.-

Liður 6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Spurt var út í fjárhagsáætlun sem hljóðar upp á tap upp á 3,9 milljónir. Skýrsla stjórnar og reikningar eru samþykkt af aðalfundi. Fjárhagsáætlun og tillaga um árgjald ársins 2012 er einnig samþykkt af aðalfundi.

Liður 7. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar. Á síðasta aðalfundi var aðalstjórn kjörin til tveggja ára en í henni sitja Guðmundur Jón Guðmundsson Holtseli, Heidi Laubert Andersen Örnólfsdal og Marteinn Njálsson Suður-Bár. Varastjórn var endurkjörin til eins árs og í henni sitja Edda Kr. Björnsdóttir Miðhúsum, Hanna S. Kjartansdóttir á Leirulæk og Jóhanna B. Þorvaldsdóttir Háafelli.

Liður 8. Kosning skoðunarmanna til eins árs. Stungið upp á Steinunni Ósk Stefánsdóttur og Þorgrími Guðbjartsyni og samþykkti aðalfundur það samhljóða.

Liður 9. Önnur má er félagið varðar.

a) Guðmundur Jón kynnti niðurstöður skýrslu Háskólans á Akureyri um rýmkun reglna varðandi heimavinnslu og slátrun. Umræður urðu um efni skýrslunnar.

b) Frekari aðkoma Beint frá býli að mörkuðum.

c) Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður ávarpaði fundinn og ræddi um breytingar á veitingu styrkja úr opinberum sjóðum. Einnig talaði hann um umhverfi í veitingu starfsleyfa og tillögur að breytingum þar á.



d) Borghildur Sverrisdóttir kynnti fyrirtæki sitt vörur undir nafni Sælkeraskur.

e) Samþykkt var eftirfarandi áskorun frá aðalfundinum: Aðalfundur Beint frá býli haldinn að Sólheimum Grímsnesi 25. 02. 2012 skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þannig að hann geti áfram sem hingað til sinnt því meginverkefni sínu að styðja við atvinnuuppbyggingu til sveita, en fjármagn til sjóðsins hefur verið skorið ótæpilega niður síðustu ár. Á árinu 2010 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 174 aðsend erindi. Af þeim voru 54 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum. Greinargerð. Í nær hálfa öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunarsjóður atvinnuvegarins. Megin hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins hefur farið til atvinnunýsköpunar og til rannsókna og þróunar. Rannsóknir eru nýsköpun þekkingar og með stuðningi við slík viðfangsefni hefur Framleiðnisjóður rækt hlutverk sitt til aukinnar framleiðni og hagræðingar. Jafnframt hefur Framleiðnisjóður stutt með beinum hætti við margháttuð hagræðingar- og nýsköpunarverkefni. Mörg þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur veitt fjárhagslegt brautargengi hafa haft menningarlegt varðveislugildi en jafnframt verið atvinnuskapandi og þjónað markmiðum menningartengdrar ferðabjónustu sem aftur kallast á við stuðning sjóðsins við uppbyggingu aðstöðu til að mæta þörfum ferðamanna fyrir húsaskjól og næringu. Ferðabúskapur er fjölpættur og tengist að hluta til hestamenskunni. Miklar framfarir hafa átt sér stað í hrossarækt og hestamenskun, studdar stórbættri aðstöðu og aðbúnaði fyrir menn og skepnur. Spor Framleiðnisjóðs á þeim vettvangi má merkja víða og með afgerandi hætti. Af mörgu fleira er að taka sem vert væri að nefna og eitt er víst að öðruvísi væri um að litast í sveitum okkar lands ef Framleiðnisjóðs hefði ekki notið við. Við þær aðstæður hlýtur það að vera áhyggjuefni að ráðstöfunarfé sjóðsins hefur skroppið saman, bæði að krónutölu og raungildi, svo um munar síðustu árin. En nú tekur steinin úr. Flestar stofnanir hafa mátt þola skerðingu fjárframlaga en harkaleg útreið Framleiðnisjóðs er þó líkast til einsdæmi. Bent er á að sjóðurinn hafi ríflegt eigið fé á að ganga. Það er að sönnu rétt en hrekkur skammt eitt og sér til að næra vaxtarsprotana. Hér er ekki hugsað til framtíðar en með vísan til þess sem að framan er lýst og í þeim aðstæðum sem þjóðin er í þessi misserin er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort við höfum ráð á slíkum sparnaði?

Fleira ekki tekið fyrir á aðalfundinum. Fundi var slitið kl. 18:00